

Mál nr. 261/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Nafn váttryggingartaka (X)****Slyshugtak váttryggingaréttar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 26. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. september 2022.
3. Viðbótargagn frá M, dags. 26. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá X hinn 22. apríl 2022. Í málskoti er atvikum lýst svo að M hafi verið að vinna í áltöku við að brjóta gat á tappaða með þar til gerðum járnkalli. Þykkur hjúpur hafi myndast ofan á tappaðanum og hafi M þurft að beita töluverðu afli til að komast í gegn. Við að slá járnkallinum í tappaðann hafi M fengið högg upp í hægri hendi og fundið fyrir verkjum í þumli. Hafi hann greinst með tognun á liðbandi. V hafi, með töluþósti dags. 6. júlí 2022, hafnað bótaskyldu úr slysáttryggingu launþega með þeim rökum að tjón M yrði ekki rakið til utanaðkomandi orsaka heldur innri veikleika. M er ósammála þeirri afstöðu og telur að um skyndilegan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða, þ.e. mótstaðan sem hinn þykki hjúpur hafi skapað hafi leitt til fráviks frá þeirri atburðarás sem M hafi mátt vænta við verkið. Þá hafi verklagi verið breytt í kjölfar slyssins og sé nú gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir slíka hjúpmyndun. M hafi þá verið fullfær til vinnu á slysdegi og skipti ekki máli varðandi túlkun á slyshugtakinu að hann hafi tvívegis áður slitið það liðband sem tognaði við slysið. Ekkert bendi til þess að líkamstjón hans verði rakið til innri orsaka heldur hafi það verið afleiðing höggs frá járnkallinum vegna óvæntrar mótstöðu á tappaðanum. Þá leggur M fram bréf Sjúkratrygginga Íslands, dags. 27. september 2022, þar sem fram kemur að slys hans teljist bótaskyldt samkvæmt lögum um slysáttryggingar almannatryggingar nr. 45/2015.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í skilmálum váttryggingarinnar sé slys skilgreint sem skyndilegur utanaðkomandi atburður sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannarlega án vilja hans. Til þess að um utanaðkomandi atburð sé að ræða þurfi eitthvað að gerast sem feli í sér frávik frá þeirri atburðarás sem tjónþoli hafi mátt reikna með. Verkið sem M hafi sinnt í aðdraganda líkamstjóns síns feli í sér að slá í yfirborðshjúp með járnkalli og augljóst sé að slík aðgerð hafi í för með sér endurtekin högg. Ekkert liggja fyrir um að um frávik frá eðlilegri atburðarás við umrætt verk hafi verið að ræða, þ.e. að utanaðkomandi atburður hafi orsakað einkenni M. Þá bendi sjúkragögn til þess að meiðsl M hafi orsakast af innri veikleika í hönd hans. Slys í skilningi váttryggingaréttar sé eitthvað sem gerist utan við líkama tjónþola og hafi ekki með líkamsástand hans að gera. Það hvíli á M að sýna fram á atvik við tjónsatburð og samkvæmt framansögðu séu skilyrði slyshugtaksins ekki uppfyllt.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slyshugtak váttryggingaréttar eins og því er lýst í viðeigandi váttryggingarskilmálum, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð. Kemur þá til skoðunar hvort utanaðkomandi truflun hafi orðið á hreyfingu M umrætt sinn eða hvort sýnt sé að aðstaður hafi með einhverjum hætti verið óvenjulegar, en fallast verður á það með V að umrætt verk, eins og því er lýst fyrir nefndinni, hafi í sjálfu sér í för með sér endurtekin högg. M byggir á því að hinn þykki hjúpur sem hafi myndast og M þurfti að brjóta í gegnum hafi falið í sér frávik frá hefðbundnu verkferli, þ.e. hafi verið utanaðkomandi atburður. Engin frekari gögn liggja þó fyrir nefndinni er styðji þá afstöðu. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 2. júní 2022, er umræddu atviki lýst svo að M hafi verið að brjóta gat á tappaða þegar hann fékk slæmt högg á hægri höndina. Í göngudeildarskrá, vegna komu dags. 25. apríl 2022 er atvikum þá lýst svo að M hafi verið að slá yfirborðshjúp með járnkalli þegar hann fann fyrir smelli og miklum verk við ulnar hlið þumals. Af þessum lýsingum verður ekki dregin sú ályktun að utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M enda liggur ekki fyrir annað en að um hefðbundið verk, sem hafi verið framkvæmt með

venjubundnum hætti, hafi verið að ræða. Með hliðsjón af því að M hafði í tvígang slitið umrætt liðband verður þá að telja líklegt að líkamstjón hans megi rekja til innra ástands en ekki slyss í skilningi vátryggingaréttar. Af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja þykir því ekki sýnt að um bótaskyld atvik hafi verið að ræða og verður M að bera hallann af því.

Rétt er að áréttta að það haggar ekki þeirri niðurstöðu að Sjúkratryggingar Íslands hafi, samkvæmt framlögðu bréfi dags. 27. september 2022 þar að lútandi, fallist á bótaskyldu, enda er ekki áskilið í skilgreiningu slyshugtaksins skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga að um utanaðkomandi atburð sé að ræða, heldur aðeins „skyndilegan óvæntan atburð“. Var skilgreining slyshugtaksins í lögum nr. 45/2015 sérstaklega útvíkuð með lögum nr. 108/2021 sbr. ummæli í greinargerð með 4. gr. frumvarps til þeirra laga en með lögfestingu hennar breyttist „utanaðkomandi“ í „óvæntan“: „Skilyrðið að atburður sem veldur slysi verði að vera „skyndilegur og utanaðkomandi“ hefur almennt verið skýrt á þá leið að eitthvað þurfi að gerast og hafa áhrif á einstakling utan frá. Orsök slyss sé utan líkama hins slasaða og að frávik verði að hafa orðið frá eðlilegri atburðarás. Atburð má ekki rekja til einhvers innan líkama hins slasaða, þ.e. líkamsástands eða sjúkdóms. Breytingu á orðalagi greinarinnar er ætlað að víkka skilgreiningu hugtaksins og fella út það skilyrði að um sé að ræða atvik sem hefur áhrif á einstakling utan frá þannig að undir það geti fallið tilvik þar sem ofreynsla á líkama eða slæmar vinnuaðstæður valda áverka. Eftir breytinguna mun hugtakið slys þannig ná yfir skyndilega áverka, t.d. á vöðva eða bein, eftir að of þungri byrði er lyft eða ýtt, eða eftir önnur sambærileg tilvik.“ Þó bótaskylda kunni að vera til staðar á grundvelli laga nr. 45/2015 verða því ekki dregnar af því víðtækar almennar ályktanir um að um „slys“ í skilningi vátryggingaréttar sé að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir